

Fimmtudaginn 2. júlí 1992.

Nr. 286/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Hans Erni Viðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. júní 1992 samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, en kærán barst hingað ásamt skjölum málsins 29. sama mánaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans, sbr. og a- og c-liði 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, sem gildi tóku 1. júlí 1992. Við framkvæmd gæsluvarðhaldsins ber að fara eftir ákvæðum 108. gr., sbr. 2. mgr. 202. gr. sömu laga.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. júní 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 25. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert kröfu þess efnis, að Hans Erni Viðarssyni, kt. 101174-3529, til heimilis að Eyjakrauni 3, Þorlákshöfn, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 42 daga, allt til miðvikudagsins 6. ágúst nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. og 155. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, að RLR vinnur nú að rannsókn á innbrotshjófnaði í fyrirtækið Jöfur, Nýbýlavegi 2, Kópavogi, en lögreglu hafa borist tékkar og ljósrit tékka, er seldir hafa verið og reynst við innlausn í banka falsaðir, en með framsali kærða, Hans Ernis Viðarssonar. Kærði hefur við rannsókn viðurkennt að hafa notað allmarga tékka úr tékkhefti, er hvarf úr innbrotinu í Jöfur.

Kærði hefur einnig viðurkennt að hafa staðið að fölsun og sölu tékka úr tékkhefti Sigmundar Rúnars Rafnssonar á Íslandsbanka, en lögreglu hefur borist fjöldi ljósrita af tékkum, er seldir hafa verið og reynst við innlausn í banka falsaðir, en með framsali kærða.

Þá hefur kærði jafnframt viðurkennt að hafa brotist inn í fyrirtækið Kóral sf., Vesturgötu 55, Reykjavík, og stolið þaðan tékkhefti og peningum. Jafnframt hefur kærði viðurkennt að hafa falsað tékka úr greindu tékkhefti.

Rannsókn framangreindra mála er á frumstigi, og enn þarf að ná til nafngreindra aðila, er staðið hafa að brotum með kærða. Auk framangreindra mála eru hjá RLR átta kærðumál vegna þjófnaðar og skjalafals á hendur kærða.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og skirskotun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina, en ætla má, að kærði, svo sem hátterni hans er farið, haldi áfram brotum, verði hann látinn laus. Brot þau, er hann er undir rökstuddum grun um að hafa framið, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt kröfu RLR allt til miðvikudagsins 6. ágúst nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hans Erni Viðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. ágúst 1992 kl. 16.00.